



Reglur um félagslega liðveislu hjá félagsþjónustusviði Fjarðabyggðar

I. kafli Almennt um þjónustuna

1. gr.

Skilgreining

Með félagslegri liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs, sbr. 24. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum.

2. gr.

Markmið

Markmið félagslegrar liðveislu er að efla viðkomandi til sjálfshjálpar, veita persónulegan stuðning og aðstoð sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun. Við framkvæmd þjónustunnar skal þess gætt að hvetja notandann til sjálfsbjargar og virða sjálfsákvörðunarrétt hans.

3. gr.

Réttur til liðveislu

Félagsleg liðveisla er fyrir fatlaða einstaklinga sem þurfa persónulegan stuðning og aðstoð til þess að rjúfa félagslega einangrun.

Að öllu jöfnu skal ekki veitt félagsleg liðveisla skv. reglum þessa þar sem veitt er sólarhringsþjónusta.

Forsenda þess að geta sótt um félagslega liðveislu skv. reglum þessum er að umsækjandi eigi lögheimili í Fjarðabyggð. Að uppfylltum ofangreindum skilyrðum má veita félagslega liðveislu fötluðum börnum til og með 17 ára aldurs og fötluðu fólki á aldrinum 18 til 66 ára aldurs. Ennfremur má veita félagslega liðveislu börnum til og með 17 ára aldri sem hafa ADHDgreiningu eða eru langveik og uppfylla ofangreind skilyrði um félaglega einangrun. Þjónusta er háð fjárhagsáætlun hverju sinni. Hún er tímabundin og er tímafjöldi og lengd samningstíma háð mati hverju sinni.

4. gr.

Stjórn og yfirumsjón

Félagsmálanefnd og félagsmálastjóri fara með stjórn liðveislu. Daglegan rekstur liðveislu annast starfsmenn fjölskylduusviðs.



II. kafli

Framkvæmd þjónustunnar

4. gr.

Umsókn um liðveislu

Sótt er um félagslega liðveislu á þar til gerðum eyðublöðum sem skilað er til félagsþjónustusviðs Fjarðabyggðar. Hafi umsækjandi ekki getu til að sjá um eigin umsókn er séð til þess að hann hafi/fái aðstoð talsmanns eða forsjáraðila í umsóknarferlinu til að gæta hagsmuna hans og skal umsókn þá undirrituð af viðkomandi aðila.

Hægt er að óska eftir læknisvottorði eða greinargerð frá fagaðila þyki ástæða til.

5. gr.

Mat á þjónustupörf og ákvörðun um þjónustu

Starfsmenn félagsþjónustusviðs Fjarðabyggðar meta þjónustupörf og skal slíkt mat fara fram eins fljótt og auðið er eftir að umsókn berst. Við matið er tekið sérstakt tillit til sjónarmiða umsækjanda, færni hans til að sinna athöfnum daglegs lífs, félagslegrar stöðu og virkni og fjölskylduaðstæðna.

Niðurstöður þjónustumats eru lagðar fyrir meðferðarfund ráðgjafa- og búsetuteymis félagsþjónustusviðs Fjarðabyggðar. Á grundvelli þjónustumatsins tekur teymið ákvörðun um umfang og eðli þeirrar þjónustu sem veitt er. Komist teymið ekki að sameiginlegri niðurstöðu um afgreiðslu máls eða ef um álitamál er að ræða sem reglur ná ekki yfir þá skal bera málið undir félagsmálanefnd Fjarðabyggðar til frekari úrvinnslu.

Innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst fær umsækjandi skriflegt svar þar sem fram kemur hvernig umsókn hans hefur verið metin. Ef umsókn er tekin til greina að öllu eða einhverju leyti skal m.a. koma fram í svarbréfi að umsækjandi verði á næstu dögum boðaður á fund með væntanlegum liðveitanda eða að viðkomandi hafi verið settur á biðlista eftir félagslegri liðveislu. Við synjun þjónustu, að hluta eða öllu leyti, skal gæta leiðbeininga skv. 15. og 16. gr. reglna þessara. Undanþágur frá reglum þessum eru lagðar fyrir félagsmálanefnd.

6. gr.

Tímafjöldi þjónustu

Hámarkstímafjöldi á mánuði eru 20 tímar en þó getur hver einstaklingur að hámarki fengið 240 tíma á ári, þ.e. er 12 x 20 tíma á hverju almanaksári.

Heimilt er að veita undanþágur frá viðmiðum um hámarkstíma vegna sérstakra aðstæðna en slíkar undanþágur skulu bornar undir félagsmálastjóra áður en ákvörðun er tekin um afgreiðslu þeirra.

7. gr.

Þjónustusamningur



Þjónustusamningur er gerður um alla veitta félagslega liðveislu. Í þjónustusamningi kemur m.a. fram lengd samnings, tímafjöldi á mánuði og markmið sem stefnt er að með þjónustunni. Allir þjónustusamningar eru tímabundnir. Gildistími samnings getur verið allt að 12 mánuðir en fyrsti samningur við notanda skal aldrei vera lengri en þrjú mánuðir. Eftir að þjónustusamningur hefur verið undirritaður getur þjónustan hafist. Þjónustan fellur sjálfkrafa niður þegar samningi lýkur nema sótt hafi verið um á ný.

III. kafli

Nánari útfærsla á framkvæmd þjónustunnar

8.gr.

Útlagður kostnaður

Notandi og liðveitandi greiða hver fyrir sig þann kostnað sem fylgt getur liðveislunni, s.s. þátttökugjöld eða veitingar. Liðveitandi fær endurgreiddan útlagðan kostnað að hámarki 5.000 krónur á mánuði. Allt umfram það verður að samþykkjast af yfirmanni fyrirfram. Notandi liðveislu greiðir sjálfur útlagðan eigin kostnað. Liðveitendur skulu skila inn reikningsyfirliti ásamt fylgiskjölum eða kvittunum vegna útgjalda.

9. gr.

Akstur

Að öllu jöfnu þarf liðveitandi ekki að nota eigin bifreið við störf sín en hvatt er til þess að almenningsvagnar, ferðaþjónusta og einkabíll notanda sé nýttur eins og kostur er. Þegar óskað er eftir að liðveitandi noti bifreið sína við liðveislu, skal gerður við hann samningur um hámarksnotkun bifreiðar og skal honum þá greiddur aksturskostnaður samkvæmt akstursbók. Hámarksnotkun aksturs er skilgreind í þjónustusamningi hverju sinni.

10.gr.

Starfsmenn

Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar leitast við að ráða liðveitendur sem hafa til að bera hæfni, eiginleika, reynslu og þekkingu sem nýtist í starfinu. Liðveitendum er óheimilt að þiggja peningagjafir eða aðrar stærri gjafir. Starfsmönnum er óheimilt að geyma lykla að heimilum notenda eða aka bílum notenda nema um það sé samið í þjónustusamningi.

Liðveitendur eru, líkt og aðrir starfsmenn, bundnir þagnarskyldu og gildir sú skylda þó liðveitandi láti af störfum. Liðveitandi skal skila inn tíma- og akstursskýrslum mánaðarlega. Liðveitendur skulu einnig skila yfirliti og kvittunum vegna útlagðs kostnaðar.

IV. kafli

Málsmeðferð, málsskot og gildistími



12. gr.

Könnun á aðstæðum

Aðstæður umsækjanda eru kannaðar svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur borist. Gagna og upplýsinga er aflað í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á.

Svar við umsókn skal berast umsækjanda innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst.

13. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjenda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Um trúnað gildir að öðru leyti 2. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, þar sem segir að starfsmenn sveitarfélaga séu bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

14. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar annast framkvæmd félagslegrar liðveislu í umboði Félagsmálanefndar Fjarðabyggðar. Félagsmálastjóri ber ábyrgð á afgreiðslu mála gagnvart nefndinni. Ábendingum notenda varðandi þjónustuna skal beina til skrifstofu félagsþjónustusviðs Fjarðabyggðar.

15. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Sé umsókn um þjónustu hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til frekari rökstuðnings og réttur til að áfrýja afgreiðslunni.

16. gr.

Áfrýjun

Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun ráðgjafar- og búsetuteymis til félagsmálanefndar innan fjögurra vikna frá því honum berst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun Félagsmálanefndar.



**17. gr.
Gildistaka**

Reglurnar taka gildi við staðfestingu bæjarstjórnar og falla jafnframt eldri reglur úr gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 4. október 2018

Karl Óttar Pétursson

Bæjarstjóri

